



Ársskýrsla

Samantekt um árið 2008

Starfsáætlun 2009



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Grunnstarfsemi	3
<i>Stofnaðilar Visku</i>	3
<i>Stjórn Visku</i>	3
Stiklað á stóru í starfseminni á starfsárinu 2008-2009	4
á aðalfundi Visku 28. maí 2009	4
Skýrsla forstöðumanns	6
Samantekt á árinu 2008	7
<i>Húsnæði og búnaður</i>	7
<i>Sí- og endurmenntun</i>	7
<i>Þátttaka á námskeið</i>	7
<i>Vika símenntunar</i>	9
Samstarfsaðilar námkeiðahalds	10
<i>Kvasir</i>	10
<i>Leikn</i>	10
<i>FS-netið og Menntabré.</i>	10
<i>Combar</i>	11
<i>Annað samstarf</i>	11
Starfsáætlun 2009	11
<i>Námskeiðahald</i>	11
Fjarnám	11
<i>Fjarnám á framhaldsskólastigi</i>	11
<i>Fjarnám á háskólastigi</i>	11
<i>Háskólahátíð</i>	12
Sérverkefni	12
Samantekt og framtíðarsýn	12
Fylgiskjal I	13
Fylgiskjal II	14

Inngangur

Í skýrslu Visku fyrir árið 2008 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Víska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2008 og framan af ári 2009. Einnig verður farið yfir þær breytingar sem orðið hafa á starfseminni á síðasta ári og virðist munu hafa áhrif á framtíðarstarfsemi símenntunarmiðstöðva.

Grunnstarfsemi

Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar
Sparisjóður Vestmannaeyja
Ísfélag Vestmannaeyja
Vinnslustöðin hf.
Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf.
Tölvun ehf.
Eyjasýn ehf.
Skipalyftan hf.
Drífandi stéttarfélag
Verslunarmannafélag Vestmannaeyja
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar
Verkstjórafélag Vestmannaeyja
Sveinafélag járníðnaðarmanna
Heiðbrigðisstofnun Vestmannaeyja
Stjórnunarfélag Vestmannaeyja
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey)
Háskólinn á Akureyri

Stjórn Visku

Arnar Sigurmundsson formaður
Gunnar Gunnarsson varaformaður
Baldvin Kristjánsson
Helga Björk Ólafsdóttir
Eygló Harðardóttir

Varamenn

Páll Marvin Jónsson
Davíð Guðmundsson
Arnar Hjaltalín

Stjórn Visku hélt sex bókaða fundi frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 21. maí 2008

Endurskoðandi: Deloitte
Skoðunarmenn: Hörður Óskarsson og Unnur Sigmarsdóttir

Stiklað á stóru í starfseminni á starfsárinu 2008-2009

á aðalfundi Visku 28. maí 2009



Síðasti aðalfundur Visku var haldinn 21. maí 2008. Formaður stjórnar, Arnar Sigurmundsson og varaform. Gunnar Gunnarsson voru endurkjörnir. Stjórnin hélt sex bókaða fundi á starfsárinu, en aðal- og varamenn eru boðuð á alla stjórnarfundum.

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður, Visku er í 100% starfi. Sólrún Bergþórsdóttir, kennari var ráðinn í 40% sem náms- og starfsráðgjafi hjá Visku frá 1. september 2008.

Fylgir starfið að mestu skólaárinu og spannar yfir liðlega 10 mánuði á ári.

Pekkingarsetur Vestmannaeyja hóf starfsemi að Strandvegi 50 1. maí 2008 og þá var opnunartími þjónustuskrifstofu lengdur 2-3 klst. á dag. Viska hafði lagt áherslu á samfelldan og lengri opnunartíma sameiginlegrar þjónustuskrifstofu og tekur sinn þátt í þeirri aukningu útgjalda sem þessu fylgir.

Margrét Hjálmsdóttir og Ester Garðarsdóttir eru þjónustufulltrúar hjá ÞSV og má reikna með að 30-35% af þeirra starfi fari í þjónustu við viðskiptamenn Visku. Meðal verkefna þeirra fyrir Visku er skráning, eftirfylgni og reikningsgerð vegna námskeiða, útreikningur vinnulauna og almenn þjónustustörf. Auk þess hefur verið kallað til fólks vegna yfirsetu í prófum ofl.

Með samfelldum og lengri opnunartíma hefur þjónusta við viðskiptavinum Visku og annarra stofnana og fyrirtækja að Strandvegi 50 aukist að sama skapi.

Formaður stjórnar heldur utan um fjármál Visku án þóknunar og hefur svo verið frá upphafi starfsemi Visku 2003.

Viska er með skrifstofuaðstöðu fyrir forstöðumann í Setrinu, auk þess notum við mest fjölkennslustofunna og eldhúsaðstöðuna á 3ju hæð. Fjarnámið kallar á góða aðstöðu fyrir námsfólkið. Náms- og starfsráðgjafi Visku hefur enn ekki fasta skrifstofu-aðstöðu í Setrinu.

Í fyrrahaust var ákveðið að fá til reynslu fullkominn fjarfundarbúnað. Um áramót var ákveðið að festa kaup á búnaðinum, en hann kostar liðlega 2,5 milljónir og er útgjöld vegna hans að finna meðal skuldbindinga Visku í árslok 2008.

Haustrfundur Kvasis, samtaka símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni var haldinn í Vestmannaeyjum 1.-2. okt. 2008.

Pekkingarsetur Vestmannaeyja hafði uppi áform um að ráðast í nýbyggingu undir starfsemi sína og þeirra fyrirtækja og stofnana sem eru með húsnæðisaðstöðu í Setrinu. Hrun fjármálamarkaðar október sl. kollvarpaði þessum hugmyndum að minnsta kosti næstu 3-4 árin.

Voru því fyrri áform um stækkun húsnæðis ÞSV tekin fram á nýjan leik. Þau ganga út á kaup á jarðhæð Strandvegs 50, en áformað er að Vínbúðin flytji í Baldurshaga síðar á þessu ári. Í fjárlögum 2009 er heimildarákvæði til fjármálaráðherra um að selja jarðhæð Strandvegs 50. Slíkt ákvæði kom inn í framhaldi af viðræðum forráðamanna ÞSV við ráðuneytið í desember sl.

Málið er þó í biðstöðu meðan ekki liggur fyrir hvenær Vínbúðin flytur. Gangi það eftir að jarðhæðin verði keypt fyrir starfsemi ÞSV er meiningin að starfsemi Visku

muni flytja á jarðhæðina að mestu og þar verði einnig fyrirlestrarsalur og skrifstofur við fleiri stofnanir sem þar eru nú til húsa.

Allt umhverfi í hvers konar menntun er á sífelldri hreyfingu. Það getur engin verið Eyland í þeim efnum. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa einnig tekið umtalsverðum breytingum.

Tómstundanámskeið vega nú mun minna í starfsemi þeirra en áður, en lengri og metnaðarfullri námskeið vega sífellt þyngra. Sama þróun hefur orðið í starfsemi Visku.

Samningar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skipta orðið miklu í starfsemi símenntunarstöðva. Þá hefur íslenskukennsla fyrir útlendinga vegið umtalsvert í rekstri Visku og annarra símenntunarmiðstöðva undanfarin ár. Á því getur orðið einhver breyting í kjölfar aukins atvinnuleysis hér á landi og mikilli fækkun erlendra starfsmanna, þó svo að erlendum starfsfólki hafi lítið fækkað í Eyjum.

Starfsorka, starfsendurhæfingarmiðstöð Vestmannaeyja mun taka til starfa næsta haust. Víska hefur samþykkt að gerast stofnaðili og komið með virkum hætti að undirbúningi starfseminnar, enda er þar að finna sameiginlega hagsmuni.

Stjórn Starfsorku hefur óskað eftir nánú samstarfi í húsnæðismálum ofl. þegar Víska hefur flutt í stærra húsnæði og tók stjórnin vel í þá hugmynd á fundi sínum fyrr í þessum mánuði.

Menntunin skiptir sífellt meira máli í samfélaginu og aðgangur fólks að framhalds- og háskólamenntun ræður miklu um búsetu. Í þessu sambandi skiptir náms- og starfsráðgjöf miklu og bindum við miklar vonir við að starf Sólrúnar Borgþórsdóttur náms- og starfsráðgjafa skili miklum árangri í þeim efnum.

Hér skipta möguleikar til fjarmenntunar miklu. Víska hefur allt frá stofnun árið 2003 leitt hvers konar fjarmenntun og símenntun í Vestmannaeyjum. Sambland af fjarnámi og staðbundnu framhaldsnámi og háskólanámi er eitthvað sem á eingöngu eftir að aukast í næstu framtíð.

Framundan er vinna við stefnumótun og framtíðarsýn í starfsemi Visku. Þess er vænst að þessi vinna verði meðal forgangsverkefna nýrrar stjórnar. Starfsemi Visku hefur slitið barnskónum og hefur hún þróast í takt við breyttar aðstæður. Engu að síður er afar brýnt að líta yfir farinn veg og horfa opnum augum til framtíðar.

Starfsfólki og samstjórnarfólki í Visku þakka ég fyrir mjög gott samstarf á liðnu starfsári.

Þrátt fyrir mikla erfiðleika í íslensku samfélagi í kjölfar fjármála-kreppunnar þá hljótum við að horfa til framtíðar með bjartsýni í huga, því þörfin á bættri menntun hefur sjaldan verið meira aðkallandi en nú um stundir.

Vestmannaeyjum 28. maí 2009

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar Visku

Skýrsla forstöðumanns



Starfsemi Visku hefur gengið með ágætum yfirstandandi starfsár, en þó með breyttu sniði. Tómsundanámskeiðum hefur fækkað og þau eru annars eðlis en áður. Meira er sóst eftir námskeiðum sem fjalla um næringu hugar og líkama, mannbætandi námskeiðum í hópi tómsundanámskeiða sem og námskeið sem kenna fólki sjálfsbjargarviðleitni. Má þar nefna námskeið um mat- og kryddjurtaæktun sem haldið var ekki alls fyrir löngu og var vel sótt.

Þau námskeið sem skipa orðið stærri sess hjá Visku eru námskeið sem í raun flokkast meira sem heildstætt nám, með námskeiðsstundir ekki undir 70-100 kennslustundum. Nú stendur m.a. yfir eitt 300 stunda námskeið og fyrirséð að annað slíkt fari af stað aftur í haust. Einnig hafa íslenskunámskeið fyrir útlendinga líka verið nokkur en þau eru almennt ekki mjög fjölmenn og því ekki líkleg að skila gróða til Visku, frekar að litlu muni að um tap sé að ræða á slíkum námskeiðum. En hér þarf að eyða tíma í vinnu með viðhorf meðal fyrirtækjarekenda því vinnu er of oft skipað þannig að starfsmenn viðkomandi fyrirtækja eiga þess ekki kost að sækja námskeiðin vegna vinnu. Nýverið lauk einu slíku námskeiði sem aðlagð var að vinnutíma fyrirtækis í bænum en samt áttu einstaklingar er vildu læra íslensku ekki kost á að mæta. Þetta er þáttur sem vinna þarf í og laga.

Raunfærnimat er þáttur sem er nýr í starfi okkar og um þessar mundir er eitt verkefni í vinnslu í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. Er þetta ný viðurkennd leið til að gefa einstaklingum, sem hafa langa starfsreynslu í einhverri grein, kost á að láta meta raunverulega færni sína í greininni til styttingar námi til réttinda. Í sameiningu erum við að vinna að raunfærnimati í vélstjórnargreinum og gerum það í samstarfi við Iðuna fræðslusetur og framhaldsskólann á Höfn. Er það verkefni að komast á slíkt stig að gera má ráð fyrir að við getum farið af stað með það í haust. Einnig eru fyrirhuguð verkefni í raunfærnimati meðal verslunamanna og bankamanna.

Á síðasta starfsári var keyptur nýr fjarfundabúnaður af bestu gerð. Einnig var tekið í notkun nýtt skráningarkerfi sem hannað og þróað er af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Það er á margan hátt lipurt og þægilegt í notkun en enn eru starfsmenn stöðvanna að læra á það og óska eftir þáttum sem nýtast okkur betur í starfi og m.a. úrvinnslu. Ekki er enn framkvæmanlegt í kerfinu að ná fram myndum út frá tölum skráðra einstaklinga á námskeiðunum nema allar símenntunarmiðstövarnar séu undir.

Kveðja

Valgerður Guðjónsdóttir eða Valgerður í Visku

Samantekt á árinu 2008

Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Þekkingasetri Vestmannaeyja að Strandvegi 50, 3. hæð. Alls hefur Viska þá til umráða í Setrinu skrifstofu, tvær kennslustofur og nemendaeldhús. Fundarherbergi sem Viska hafði einnig til umráða var leigt Surtseyjarstofu frá og með vori 2008. Er mikill söknuður af því rými m.a. vegna ráðningar náms- og starfsráðgjafa, sem ekki hefur enn fengið starfsaðstöðu svo vel sé. Er von okkar að það muni lagast með haustinu 2009 þegar Surtseyjarstofa fer í eigið húsnæði annars staðar. Þó munum við enn sakna fundaraðstöðunnar því hún nýttist einnig fyrir nema sem hér komu í hús til að fá næði til náms og vinnu. Mjög er misjanft hve mikið húsnæði í framhaldsskólanum er notað en á vorönn 2009 var stofan í notkun af hálfu Visku þrjá daga í viku alla önnina.

Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu Námsvísis og kynningu tengdri útgáfunni. Námsvísir Visku hefur sem fyrr verið gefinn út í upphafi vor- og haustannar. Hins vegar var sú ákvörðun tekin á stjórnarfundum á síðasta starfsári að gefa ekki út Námsvísi á vorönn til að sjá hvort ekki gefist betur að markaðssetja námskeið með öðrum hætti. Ekki var að sjá að neitt drægi úr þátttöku á námskeið af þeim sökum en þó má reikna með að gefinn verði út Námsvísir haustið 2009 og sjá hvað setur. Einnig er fyrirhugað að gefa út rit sem kallast Fjarneminn og fjallar um aðstöðu til náms á framhaldsskóla- og háskólastigi óháð búsetu.


Kynning á hlutverki og starfsemi Visku í Vestmannaeyjum hefur skilað því að Viska er nú sjálfsagður og þekktur þáttur í bæjarlífinu og einmitt þess vegna má vera að rétt sé að gefa út Námsvísi a.m.k einu sinni á ári.

Starfsemin hefur tekið nokkrum breytingum í takt við eftirspurn. Vinsælustu námskeið síðasta vetur hafa verið starfstengd námskeið, vottuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Einnig hefur námskeiðum frá Endurmenntun Háskóla Íslands fjölgað nokkuð.

Eins og fyrr sagði eru starfstengd námskeið, sem veita einingar til framhaldsnáms þau námskeið sem mesta eftirspurn hafa. Fjölmennasta og jafnframt eitt af stærri námskeiðum á síðasta ári er tvímælalaust Leiðtoganámskeið fyrir konur en þar voru skráðar 85 konur til þátttöku. Á vorönn nú 2009 var einnig mjög fjölmætt námskeið um sparnað og hagræðingu í heimilishaldi þar sem Ingólfur H. Ingólfsson hélt erindi yfir um 60 manns og í framhaldi var boðið upp á viðtöl hjá ráðgjafa. Var þetta þátttakendum að kostnaðarlausu. Enn eru það samt ýmist einstaklingar eða aðrar fræðslustofnanir sem sótt er til við almennt námskeiðahald. Haustönnin þóttist takast ágætlega til eins og sjá má á eftirfarandi myndum og getið verður frekar hér á eftir undir einstökum liðum.


Þátttaka á námskeið

Árið 2008 hélt Viska alls 30 námskeið en í þeirri tölu má geta þess að sum námskeið varð að halda oftar en einu sinni og teljast þá fleiri. Ekki eru það þó nema tvö slík námskeið.




Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2008

Ef mynd 2 er skoðuð má sjá hver þátttaka er á námskeið hjá Visku er á árinu 2008. Heldur virðist vera um fækkun að ræða en eðli málsins er að mörg námskeiða fara eingöngu í gegnum fjarfund og er skráning þá hjá þeim aðila sem heldur námskeiðið og ekki er alltaf skráning hjá Visku líka. Vel má athuga að hafa skráninguna tvöfalda en þá er ekki um greiðslu fyrir námskeið hjá Visku heldur er innheimt gjald fyrir fjarfund hjá aðilanum sem sendir út námskeiðið til Eyja. Einnig voru færri námskeið í boði en verið hefur og því er súlan fyrir 2008 lægri en fyrir árið 2007 því þá voru fleiri námskeið í boði, sem ekki tókst að setja af stað.



Mynd 2 Heildarfjöldi einstaklinga sem sóttu námskeið Visku árin 2003-2008

Munur á þátttakendum eftir kyni sýnir að sem fyrr eru það frekar konur sem sækja námskeiðin. Þetta er svipað og gerist annars staðar á landinu og hefur verið til umræðu hjá starfsfólki símenntunarmiðstöðvanna. Leita þarf leiða til að fjölga námskeiðum sem falla að áhuga eða þörfum karlmanna jafnt sem kvenna. Nú um þessar mundir er náms- og starfsráðgjafi Visku að vinna að DVD diskum fyrir sjómenn þar sem náms- og starfsráðgjöf er kynnt. Vonumst við til að það muni hafa áhrif á aðsókn karlmanna á námskeið framtíðarinnar.



Mynd 3 Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum hjá Visku árin 2003-2008

Ekki náðist að vinna kennslustundafjölda hjá Visku fyrir árið 2008 í nýju skráningarkerfi, en svona til að lýsa breytingum eitthvað má geta þess að nú eru ellefu nemendur á 300 stunda námskeiði. Við það skapast 3300 nemendastundir. Í haust voru 7 nemendur á 95 stunda námskeiði sem gerir 665 nemendastundir. Leiðtoganámskeið fyrir konur var þar á móti 85 þátttakendur á 40 stunda námskeiði og gerir það 3400 nemendastundir.

Árið 2004 voru námskeiðin samtals 1857 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldað með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 11.071 árið 2007 og enn virðist sem nemendastundum sé að fjölga á sama tíma og sjálfum námskeiðunum fækkar. Segir það okkur að lengri námskeið sem skila réttindum og/eða einingum er að fjölga.

Eru allar þær upplýsingar sem hér hafa verið sýndar að ofan unnar upp úr skráningarkerfi Visku sem kallast Innra net og er sameiginlegur gagnagrunnur allra símenntunarmiðstöðvanna. Nú er því einfaldara fyrir þátttakendur á námskeiðum símenntunarmiðstöðvanna að flytja með sér gögn við flutninga. Er þetta kerfi miðlægt og hægt að nálgast upplýsingar um einstaklinga háð samþykki þeirra.

Vika símenntunar

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár helgað símenntun eina viku á ári. Lengi vel sá Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla um framkvæmd og skipulagningu vikunnar í landinu. Nú er það svo að Mennt hefur verið lögð niður. Því hefur skipulagning viku símenntunar verið í höndum Stefáns Stefánssonar í Menntamálaráðuneytinu ásamt starfsfólki símenntunarmiðstöðvanna og Starfsmenntaráðs. Fjármagn til Viku símenntunar kemur sem fyrr frá Menntamálaráðuneytinu og Starfsmenntaráði. Alveg nýverið er hins vegar ljóst að Menntamálaráðuneytið mun ekki fjármagna viku símenntunar í haust og á eftir að koma ljós hvað verður um hana. Forstöðumaður hvarmar að Vika símenntunar verði lögð niður, en í Viku símenntunar hefur gefist mjög gott tækifæri til að vekja athygli á námsframboði og þeirri þjónustu sem er til boða hjá símenntunarmiðstöðvunum, sem og að bjóða upp á ýmis námskeið til skemmtunar og hvatningar til frekara náms. Í þrengingum felast líka tækifæri og nauðsynlegt að horfa á hið jákvæða.

Samstarfsaðilar námkeiðahalds

Víska á í margvíslegu samstarfi, jafnt í Eyjum sem annars staðar. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar

Kvasir

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Hlutverk Kvasis verður sífellt þýðingarmeira fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Eru miðstöðvarnar níu að tölu sem fyrr. Aðeins er þó breyttur vettvangur símenntunarmiðstöðvanna þar sem sumar þeirra eru nú orðnar partur af háskólasetrum en aðrar ekki. Undirrituð er nýgengin úr stjórn Kvasis, eftir tæplega þriggja ára setu í stjórn.

Kvasir heldur tvo fasta fundi ár hvert, haustfund og vorfund sem er jafnframt aðalfundur. Var vorfundur 2007 haldinn á Selfossi og haustfundur á Egilsstöum.

Helstu verkefni sem unnin hafa verið innan Kvasis á árinu 2007 voru áframhaldandi vinna um fjármögnun háskólanáms hjá þeim símenntunarmiðstöðvum sem ekki eru titlaðar háskólasetur. Lauk þeirri vinnu með þeirri niðurstöðu að til verksins fengust 3 milljónir króna til þeirra miðstöðva sem ekki eru sameinaðar Setrum. Einnig hefur stjórn Kvasis unnið við gerð heimasíðu fyrir Kvasi og stjórn Kvasis hefur lagt mikla áherslu á að sameiginlegur miðlægur skráningargrunnur sé fyrir stöðvarnar. Er sú vinna svo komin eins og fyrr sagði að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur tekið að sér að láta vinna þetta kerfi.

Leikn

Þann 25. apríl 2005 voru stofnuð samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi. Hlutu samtökin nafnið Leikn. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagsamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni, eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Aðilar að samtökunum er nú sextán.

Meginhlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar jafnt innanlands sem utan. Leikn tók við sæti Kvasis í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og hefur tekið upp samstarf með öðrum norrænum heildarsamtökum sama efnis.

Í fylgiskjöllum má finna ársupplýsingar Leiknar.

FS-netið og Menntabré

Víska á aðlild að FS-netinu, sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Nýr aðili tók við stjórn FS-netsins seint á árinu 2007. Gerður var samningur við Vodafon í desember sl. og fá símenntunarmiðstöðvarnar nú þjónustu þeirra við gagnaflutning og þ.h. á FS-netinu

Víska er eignaraðili að Menntabrénni, ásamt öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Ísland og Háskólanum á

Akureyri. Á hver þessara þriggja aðila 1/3 hlut af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir því að eiga aðgang að Menntabrúnni en því verið hafnað hingað til. Má þar nefna símenntunarmiðstöðina Framvegis og fleiri.

Combar

Viska var í evrópsku samstarfi með Dönum, Grænlandingum, Finnum og Englendingum um hindranir í námi og menntun leiðbeinenda í afskekktum og dreifðum byggðum. Nafnið Combar er dregið af orðunum Communications barriers eða samskiptum og hindrunum. Þessu verkefni eru nú lokið og hefur komið í ljós að Viska bar engan útlagðan kostnað aukalega við það. Er líklegt að stjórn Visku og forstöðumaður leiti nú að nýju verkefni að taka þátt í til að auka okkur reynslu og þekkingu.

Annað samstarf

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinnuálastofnun Vestmannaeyjum og á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, stéttarfélagin í Vestmannaeyjum, Nýsköpunarmiðstöðvar, Atvinnuþróunarfélagsins auk margra fyrirtækja og stofnana.

Starfsáætlun 2009

Í fylgiskjali I má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2009. Að öðru leiti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

Námskeiðahald

Námskeiðahald á vorönn 2009 fór af stað með starfsdegi Ísfélags Vestmannaeyja eins og fyrri ár.

Námskeiðahald gengur nú orðið að mestu út á að kanna þörf í samfélaginu og það gerir náms- og starfsráðgjafi betur með heimsóknnum í fyrirtæki og stofnanir um leið og hún kynnir þá starfsemi sem hún hefur upp á að bjóða.

Fjarnám

Fjarnám á framhaldsskólastigi

Viska og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hafa haldið áfram samvinnu um kennslu til Hvolsskóla í Rangárþingu eystra. Að öðru leiti hefur Viska ekki sinnt kennslu á framhaldsskólastigi nema í próftöku fyrir hina ýmsa skóla sem þess óska.

Fjarnám á háskólastigi

Nenum í grunnnámi á háskólastigi hefur ekki fjölgað hin síðustu ár en nú er ljóst að hjúkrun verður kennd hingað frá Háskólanum á Akureyri nk. haust. Viska stefnir áfram á að geta boðið öllum nenum er stunda fjarnám upp á námsaðstöðu í húsnæði Visku óháð fjarnámsformi. Með tilkomu neðstu hæðar að Strandvegi 50 er ljóst að slík aðstaða mun batna til muna. Einnig verður þá hægt að bjóða starfsfólki Visku upp á rýmra húsnæði.

Háskólahátíð

Þann 17. júní síðastliðinn var haldin háskólahátíð hér í Vestmannaeyjum í þriðja skipti og kom Ólafur Proppé í heimsókn að því tilefni. Var samkoman vel heppnuð sem fyrr og var það álit manna að háskólahátíð í Eyjum væri orðin að hefð sem mikilvægt væri að halda í. Vorið 2009 munu hins vegar ekki útskrifast nægjanlega margir úr fjarnámi til að hægt sé að halda veglaega háskólahátíð. Skemmtun sem slík ber sig ekki nema með nokkrum fjölda. Allmargir útskrifast á þessu vori en ekki margir fjarnemar að þessu sinni. Verður því ekki boðað til háskólahátíðar vorið 2009.

Sérverkefni

Sérverkefni voru ýmis konar í vetur og felast fyrst og fremst í gerð starfsdaga fyrir fyrirtæki og stofnanir. Einnig hefur náms- og starfsráðgjafi Visku stundar Markviss nám, sem nýtast mun Visku í að hanna og skipuleggja námskeið fyrir einstaka fyrirtæki og stofnanir.

Samantekt og framtíðarsýn

Árið 2008 var það stærsta í sögu Visku. Aukningin í námskeiðahaldi hefur verið það mikil að starfsemin kallar á enn stærra húsnæði. Það verður því verkefni framtíðarinnar að skoða hvaða möguleikar eru í boði, bæði sjálfstætt og í samstarfi við Þekkingarnetið. Bíðum við því í ofvæni eftir að Vínbúðin fari í nýtt húsnæði.

Með tilkomu Landeyjarhafnar sjáum við einnig fram á aukið samstarf upp á fastalandið bæði getum við veitt þeim þjónustu sem og þegið aukna þjónustu þaðan.

Viska hefur haldið áfram að þróa og bæta gæði í sínum rekstri. Innleiðing nýs nemenda- og námskeiðavistunarkerfis er í þróun og mun breyta fyrirkomulagi nemendabókhalds. Kerfið er nú notað bæði í skólum og hjá símenntunarmiðstöðvum og mun auðvelda á allan hátt utanumhald við nemendur, gerð stundaskráa, stofuskipulags og fleira. Miklar vonir eru bundar við að kerfið verði til hagræðis í starfseminni.

Ég vil nota hér tækifærið og þakka fyrir það tækifæri sem ég hef fengið við að byggja upp Visku á þeim trausta grunni sem fyrir var þegar ég kom til starfa fyrir fjórum árum síðan.

Valgerður Guðjónsdóttir

Forstöðumaður Visku

Fylgiskjal I

Rekstraráætlun Visku 2009

Tekjur:

Framlag á fjárlögum 2009.....	kr. 18.400.000
Framlag v/fjarkennslu á háskólastigi.....	kr. 3.000.000
Framlag á fjárlögum v/FS netsins.....	kr. 1.400.000
Innkomið v/ námskeiða.....	kr. 3.000.000
Samningar v/verkefna fyrir FA.....	kr. 6.000.000
Menntam.ráðuneyti - Ísl. fyrir útlendinga	kr. 1.000.000
Aðrar tekjur.....	kr. 1.000.000
Fjármagnstekjur.....	kr. 1.000.000


Samtals tekjur	Kr. 34.800.000
----------------	----------------

Gjöld:

Launakostnaður.....	kr. 9.700.000
Ökutækjastyrkur.....	kr. 450.000
Ferðakostnaður.....	kr. 600.000
Þjónustuskrifst. bókhald og endurskoðun	kr. 2.800.000
Þóknun til stjórnarmanna.....	kr. 1.200.000
Kennslukostn. v/ námskeiða og verkefna	kr. 6.000.000
Stofnbúnaður – Nýr fjarfundarbún. ofl.	kr. 4.000.000
Húsnaðiskostnaður.....	kr. 2.500.000
Upplýsingakerfi, sími og FSnet.....	kr. 2.800.000
Markaðssetning og kynningarstarf.....	kr. 1.500.000
Annar kostnaður.....	kr. 1.500.000

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr. 33.050.000
Tekjur umfram gjöld.....	kr. 1.750.000

Rekstraráætlun 2009 lögð fram og tekin til afgreiðslu á stjórnarfundum í Visku 9. jan. 2009 Arnar Sigurmundsson.



 Arnar Sigurmundsson Valgeirur Guðjónsd.

 Páll Mavri

 Sami Guðn.

 Helga Björk Ólafsd.

 Balmin Þrisjóns

Fylgiskjal II

Tækja- og áhaldalisti

31.12.2003 uppfærður 28. maí 2009

Tæki/áhöld	Staðsetning
Fjarfundabúnaður Polycom 2003	Þekkingasetur Vestmannaeyja, suður
Fjarfundabúnaður VCON 2000	Þekkingasetur Vestmannaeyja, norður
Fjarfundabúnaður PictureTel ISDN	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Skjalavarp	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Myndbandstæki LG	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sjónvarp	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Skjávarpi Toshiya TLG530 og loftfestingar	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Skjávarpi Mask og loftfestingar	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Prentari hp-deskjet 5550	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Fartölva Dell inspiron 8200 ónýtt 2006	Forstöðumaður
PC -tölva við VCON fjarf.búnað Dell	Þekkingasetur Vestmannaeyja
IPM tölvuskjár VCON fjarf.búnað	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Farsími Nokia ónýtur 2005	Forstöðumaður
Magnari Pioneer við VCON fjarf.búnað og 2 hátalarar	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Skrifborð	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hillur – tvær einingar	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hp þráðlaust lyklaborð og mús	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Þráðlaus hljóðnemi WMS 40 AKG	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Ýmis skrifstofuáhöld – stimpill ofl.	Þekkingasetur Vestmannaeyja

2004

Pappírstæteri	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Kaffikönnur/hitakönnur	Þekkingasetur Vestmannaeyja og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Búnaður í eldhúsi; glös, diskar, hnífapör, könnur, kökudiskar, ofl.	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sjónvarp 100 riða tæki (Geisli– heiti?ath)	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Myndbandstæki (Geisli – heiti?ath)	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Skjávarpi Mask C20 og loftfestingar	Þekkingasetur Vestmannaeyja stofu 2

2005

Polycom myndfundabúnaður V500	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hátalarar við myndfundabúnað V500	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Örbylgjuofn	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Samlokugrill	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Canon Digital IXUS 40	Hjá forstöðumanni
Sony Ericson farsími ónýtur 2006	Hjá forstöðumanni
Skype myndavél	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Hátalarar við tölvu Logitech	Þekkingasetur Vestmannaeyja

Útvarp Scott	Þekkingasetur Vestmannaeyja
--------------	-----------------------------

2006

Aego, bassabox og hátalarar við fjarfundabúnað	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sýningartjald	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Motorolasími	Hjá forstöðumanni
Upptökutæki	Hjá forstöðumanni
Dell skjár model nr. M992 úrellt 2008	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Dell Latitude D 600 úrellt 2008	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Swich þriggja porta úrellt 2007	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Mini Optical Mouse	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Kingston usb kubbur 512 MB	Hjá forstöðumanni
12 fartölvur Levano IBM	Þekkingasetur Vestmannaeyja
2 borðtölvur IBM TC M52	Þekkingasetur Vestmannaeyja
2 IBM Skjáiir 19"	Þekkingasetur Vestmannaeyja
10 borð	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Prentari Lexmark C524	Þekkingasetur Vestmannaeyja

2007

Whirpool kælikápur	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Silver line plöstunarfél	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Auglýsingastandur	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Airis Mini Cadenda hljómf.l.tæki	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Sony 46" Bravia Plasmasjónvarp	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Samsung 50" LCT sjónvarp	Þekkingasetur Vestmannaeyja
Olympus E410 myndavél	Hjá forstöðumanni
Dell XPS M 1330 fartölva	Hjá forstöðumanni

2008

HDX 8004 XLP innifalið er HD codec HD, Eagle Eye HD myndavél, HDX hljóðnemi, tengigeta f. allt að 4 Mbps, 4 porta fjarfundabúnaður, People+Content IP, People on Content IP, Ensk fjarstýring, Analogport fyrir fundarsíma, kapplar: VGA video (DVI-to-VGA), audio (RCA-to-RCA), LAN, RJ11,	Þekkingasetur Vestmannaeyja
HP scanjet G3010	Skrifstofa forstöðumanns
Canon prentari IP 4600	Skrifstofa forstöðumanns
T office flettistandur á skrifborð	Skrifstofa forstöðumanns